

## Ársfundur lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2018

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2018, haldinn þriðjudaginn 21. mars 2018 í Gullteigi á Grand Hótel Reykjavík, fundurinn hófst eins og boðað var kl: 18:00.

Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður stjórnar, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Formaður gerði tillögu um Ólaf Gústafsson hrl. sem fundarstjóra og var hún einróma samþykkt. Fundarstjóri lagði til að Gerður Björk Guðjónsdóttir, skrifstofustjóri hjá lífeyrissjóðnum, yrði fundarritari og var það samþykkt.

Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins sem auglýstur var í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu 14. febrúar og 21. mars. Upplýsingar um fundinn komu jafnframt fram í starfsemisauglýsingu sjóðsins í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu 17. febrúar. Einnig var sett tilkynning á vef sjóðsins. Lýsti hann því fundinn lögmætan. Því næst var gengið til dagskrár.

### 1. Skýrsla stjórnar

Guðrún Hafsteinsdóttir, flutti skýrslu stjórnar. Skýrsla stjórnar er í fylgiriti með fundargerðinni

### 2. Greinargerð framkvæmdastjóra

Guðmundur Þ. Þórhallsson, framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins, gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2017, ásamt því sem hann gerði grein fyrir tryggingafræðilegri athugun, fjárfestingarstefnu og fjárhagsáætlun og ákvörðun um laun til stjórnar. Yfirferð framkvæmdastjóra er í kynningarglærum með fundargerðinni.

### Samþykktabreytingar

Tómas Möller, lögfræðingur sjóðsins, kynnti breytingar á samþykktum sjóðsins vegna greiðslu á hálfum ellilífeyrir frá 65 ára aldri sjóðfélaga. Yfirferð yfir samþykktabreytingarnar eru í fylgiriti með fundargerðinni.

### Almenn umræða um ársreikning sjóðsins


Engin tók til máls

### 3. Önnur mál

Engin tók til máls

Guðrún þakkaði stjórn gott samstarf og starfsfólki fyrir gott starf á liðnu ári.

Fundi slitið kl.18:50

  
Ólafur Gústafsson  
fundarstjóri

  
Gerður Björk Guðjónsdóttir  
fundarritari

## Ræða stjórnarformanns á ársfundi 21. mars 2018

Ágætu sjóðfélagar!

Ég lauk ræðu minni hér á þessum vettvangi í fyrra, fyrir nákvæmlega ári upp á dag, með því að lýsa bjartsýni. Framtíðin væri björt fyrir sjóðfélaga lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Kannski þótti einhverjum þetta vera djarflega mælt í ljósi þess að árið sem þá var gert upp, árið 2016, hafði alls ekki verið sjóðnum gjöfult. Gengisþróun krónunnar á árinu 2016 hafði hrifsað úr höndum okkar stærstan hluta þess árangurs sem við höfðum náð, einkum á erlendum mörkuðum.

Það er því einkar ánægjulegt að geta staðið hér frammi fyrir ykkur í dag og flutt ykkur þann boðskap að góð innistæða hafi verið fyrir bjartsýni minni þá, eins og við fáum að sjá hér á eftir þegar framkvæmdastjóri sjóðsins fer yfir helstu niðurstöður ársins 2017. Þetta ár mun fara í flokk með þeim bestu í sögu sjóðsins, hvað ávöxtun varðar. Ég vil nota tækifærið og þakka stjórnendum og starfsfólkinu öllu hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna fyrir þeirra þátt í að skapa þennan góða árangur sem við sjáum hér í dag.

Árið 2017 var gott hjá sjóðnum að ýmsu öðru leyti líka. Teknar voru upp nýjar vinnureglur um val á frambjóðendum til setu í stjórnnum félaga sem sjóðurinn á eignarhlut í. Markmiðið var að gera þeim sem áhuga hafa, auðveldara að leita eftir stuðningi sjóðsins til stjórnarsetu og stækka þann hóp fólks sem sjóðurinn getur leitað til. Mögulegt er nú að gefa kost á sér í gegnum tölvupóst og form á vef sjóðsins. Fjögurra manna valnefnd sér svo um að tilnefna úr hópi umsækjendanna, en valnefndina skipa formaður stjórnar LV, varaformaður stjórnar LV, framkvæmdastjóri LV og ráðgjafi sem ráðinn er af framkvæmdastjóra að fenginni umsögn stjórnar sjóðsins. Valnefndinni er uppálagt að komast að samhljóða niðurstöðu en ef til atkvæðagreiðslu kemur fara formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri með eitt atkvæði hver en ráðgjafinn hefur tillögu- og umsagnarrétt. Meirihluti atkvæða ræður niðurstöðu. Með því er tryggt að bæði ferlið sé faglegt og að fleiri en einn komi að hverri ákvörðun. Þá tekur stjórn LV í heild sinni afstöðu til tillagna valnefndar og tekur lokaákvörðunina. Stjórnarmönnum sem njóta stuðnings sjóðsins er kynnt eigendastefna hans en eru að öðru leyti óháðir í störfum sínum og sinna stjórnarstörfum sínum í þágu allra hluthafa líkt og kveðið er skýrt á um í hlutafélagalögum.

Þessi breyting er mjög til bóta að mínu mati

Það má segja að við höfum í fyrra tekið nokkur stór skref framávið í átt til aukins gagnsæis og samfélagslegrar ábyrgðar sem er í samræmi við það stóra hlutverk sem lífeyrissjóðirnir í heild sinni hafa leikið í atvinnulífinu síðustu ár. Einnig var árið nýtt til umræðu um með hvaða hætti sjóðurinn geti í auknum mæli tileinkað sér nýjustu hugmyndafræði á sviði ábyrgra fjárfestinga. Þar eru spennandi hlutir að gerast og mikil umræða í gangi, sem fjárfestar víða um heim taka þátt í.

Þá hefur sjóðurinn einnig lagt sig meira fram, en kannski stundum áður, við að bregðast við umræðu sem kviknað hefur í samfélaginu og varðar sjóðinn. Slík þátttaka í opinberri umræðu er vissulega vandmeðfarinn og einhverjir hér inni kunna að hafa varann á sér um hvert hlutverk sjóðsins eigi að vera í slíkri umræðu. Kröfur almennings um skjót svör og aukið gegnsæi við ákvarðanatöku hafa hins vegar farið mjög vaxandi og við því verður að bregðast. Það er hluti af því að byggja upp traust að bjóða upp á meira samtal um stefnu okkar og stærri ákvarðanir. Samtal eykur traust en einhliða umræða rýrir það. Æ oftast er kallað eftir afstöðu lífeyrissjóðsins til gjörninga innan þeirra fyrirtækja þar sem hann er á meðal hluthafa. Þetta er eðlileg þróun og við eigum að nýta hana til góðs. Allir þurfa aðhald og lífeyrissjóðir eins og okkar eiga að ganga á undan með góðu fordæmi á sviði upplýsingagjafar á fjármálamarkaði og í atvinnulífinu í heild.

Þetta er okkar ábyrgð og það er eðlilegt að gerðar séu til okkar strangar kröfur. Lífeyrissjóður verslunarmanna er sem áður sagði stór þátttakandi í atvinnulífi þjóðarinnar. Hann lánar á hagstæðum kjörum til húsnæðiskaupa þúsunda heimila og styður við farsæld í samfélaginu með því að tryggja að fjármagn renni til góðra og samfélagslega arðbærra verkefna um leið og áhættu sjóðsins er dreift og ávöxtun háværkuð.

Í fyrra jókst til að mynda nokkuð hlutfall erlendra fjárfestinga sjóðsins sem stuðlar að minni áhættu af sveiflum í innlendu efnahagslífi. Meginkrafan er hins vegar ávallt sú að langtímaávöxtun þess fjár sem við gætum fyrir hönd sjóðfélaga sé góð. Þegar ársreikningurinn er skoðaður þá sést, að þegar innflæði frá sjóðfélögum er dregið frá og bara horft á tekjur okkar af fjárfestingum, þá voru þær á síðasta ári 47 milljarðar króna. Það er umtalsverð upphæð. Þetta er sú ávöxtun sem renna mun í vasa sjóðfélaga okkar vegna starfsemi okkar á síðasta ári og við getum sannarlega verið stolt af þessum árangri.

Í samhengi við þessa umræðu alla vil ég einnig nefna að sjóðurinn er nú kominn á Facebook!

Stutt er síðan Facebook-síða sjóðsins var opnuð og eru viðbrögðin framar vonum, bæði í umfangi og gæðum. Með gæðum á ég við að viðbrögðin eru nánast öll jákvæð. En við óttuðumst að við fengjum jafnvel neikvæð viðbrögð, en – nei! Það varð aldeilis ekki. Ég hef fulla trú á að þessi samskiptagátt sem við höfum nú opnað geti verið gott verkfæri til að breiða út meðal sjóðfélaga og alls almennings ríkari skilning á starfi sjóðsins, hlutverki og skyldum og verði um leið farvegur uppbyggjandi tjáskipta og upplýsinga um allt sem lýtur að hagsmunum sjóðfélaganna.

Ég vil einnig nefna að ný fjárfestingarstefna sjóðsins var uppfærð og kynnt um mitt síðasta ár í tilefni af gildistöku nýrra laga um fjárfestingarstarfsemi lífeyrissjóða og eignastýringu fjárfestingarsjóða. Ýmsar úrbætur koma þar til skjalanna sem varða hæfi og stöðu þeirra sem stýra fjárfestingunum og þeirrar áhættu sem slíkum aðilum er heimilt að taka fyrir hönd sjóðfélaga sinna.

### **Góðir fundarmenn.**

Á sama tíma og við gleðjumst hér yfir eflingu sjóðsins, og að hann hafi haldið áfram að styrkjast eins og sjá má af því að tryggingafræðileg staða hans er orðin jákvæð um 6,4%, þá eru ýmsir sem engu að síður telja að ástæða sé til að taka upp nýjar og gerólíkar aðferðir við að gæta að afkomu Íslendinga á efri árum.

Ein skoðunin sem sett hefur verið fram er að taka ætti upp gegnumstreymiskerfi í stað sjóðssöfnunar og kallað viðbragð við því hvað lífeyrissjóðir landsmanna séu orðnir stórir. Ég ætla ekki að blanda mér mikið í fræðilegu hliðina á þeim vangaveltum, en vil benda á fáein atriði. Sjóðirnir eru stórir vegna þess að sjóðfélagarnir hafa greitt iðgjöld til þeirra og þannig safnað fyrir lífeyrisréttindum sínum. Sjóðfélagar hafa góðu heilli náð mjög góðri ávöxtun á það fé sem þeir hafa lagt fyrir með þessum hætti. Fyrir vikið geta sjóðirnir greitt sjóðfélögum sínum góðan lífeyri. Velta má upp á móti þeirri spurningu hvort líta eigi á þá staðreynd að sjóðirnir hafi ávaxtast vel sem galla við núverandi kerfi.

Hvað skal þá segja um gegnumstreymiskerfi? Vafalaust hefur það einhverja kosti. Við höfum slíkt kerfi nú þegar, fyrstu stoðina í afkomuþryggingu landsmanna, Tryggingastofnun ríkisins. Það hefur einn stórkostlegan galla: Að vera háð ákvörðunum stjórnámálanna, það er Alþingis, og þá fjárlögum hvers árs. Þegar vantar peninga í ríkiskassann geta stjórnámálamennirnir verið snöggir að sækja þá með því að skerða lífeyrinn í gegnumstreymiskerfinu. Reynslan frá 2009 sýnir það eftirminnilega. Viljum við eiga afkomu okkar á efri árum undir ákvörðunum Alþingis einvörðungu?

Sumir, sem gagnrýnt hafa íslenska lífeyriskerfið, nefna í því sambandi norska olíusjóðinn sem fyrirmynd. Það er ekki ósanngarnt enda stærsti sjóður í heimi og einn sá alþekktasti. Norski olíusjóðurinn á í dag 1,3% af öllum skráðum hlutabréfum í heiminum. 66% af eignum sjóðsins eru í skráðum hlutabréfum, 32% í skuldabréfum og 2,5% í fasteignum. Verðmætasta einstaka eign sjóðsins

er hlutur í Apple sem metinn er á um 770 milljarða svo dæmi sé tekið. Það er um 100 milljörðum meira en allar eignir Lífeyrissjóðs verslunarmanna.

Meðalraunávöxtun norska olíusjóðsins síðustu tuttugu ár, frá 1998 – 2017, hefur verið 4,1% sem þykir mjög góð ávöxtun og reglulega er vitnað til góðs árangurs sjóðsins. EN meðalraunávöxtun Lífeyrissjóðs verslunarmanna yfir sama tímabil hefur verið 4,2% eða 0,1 prósentustigi meira. Norski olíusjóðurinn getur sannarlega verið fyrirmynd okkar á mörgum sviðum en hvað varðar ávöxtun þá höfum við verið á pari og gott betur.

Norski olíusjóðurinn er stærsti þjóðarsjóður heims. Hlutverk hans er að einangra olíuauð Norðmanna frá hagkerfinu til þess að koma í veg fyrir „hollensku veikina“, að olíuauðurinn ryðji atvinnugreinum úr vegi, ekki síst útflutningsgreinum, þar sem gengi krónunnar yrði annars of sterkt. Sjóðurinn má aðeins fjárfesta erlendis til að koma í veg fyrir ofhitnun í hagkerfi Noregs. Hlutverk sjóðsins er einnig að veita kynslóðum framtíðarinnar hlutdeild í olíuauðnum. Af þessari upptalningu má heyra ýmis líkindi á milli íslenska lífeyrissjóðakerfisins og norska olíusjóðsins og í þeim samanburði hallar hvað síst á íslensku sjóðina. Rétt eins og Norðmenn eru stoltir af sínum framtíðarsjóði sem á að verja komandi kynslóðir fyrir áföllum getum við verið stolt af íslenska lífeyrissjóðakerfinu sem er eitt það besta á byggðu bóli. Það er sjálfsagt að gagnrýna en best er ef hún leiðir til breytinga til góðs án þess að kollvarpa þurfi þessum góða árangri sem við höfum náð saman. Á síðustu 50 árum hefur okkur tekist að byggja upp lífeyriskerfi sem þjónar okkur vel. Fjölmörg tækifæri eru til að bæta það enn frekar. Við skulum einhenda okkur í þau verkefni.

Einna fyrirferðarmest í þeirri umræðu eru fjárfestingar lífeyrissjóða. Hversu mikið eiga sjóðirnir að fjárfesta hér heima? Hversu mikið eiga þeir að fjárfesta erlendis? Hversu mikið í hlutabréfum og hversu mikið skuldabréfum? Í hruninu voru sjóðirnir gagnrýndir fyrir að tapa um 20% af eignum sínum en einmitt þá sáum við vel hversu öflugt lífeyriskerfið okkar er. Þegar allt fjármálakerfið hrundi nánast á einu bretti, allir bankar og öll tryggingarfélagin urðu gjaldþrota og meira að segja Seðlabankinn varð tæknilega gjaldþrota þá stóðu lífeyrissjóðirnir hrunið af sér. Þeir voru það eina sem stóð og voru fljótir að vinna upp það 20% tap sem þeir urðu fyrir. Horfum aftur til Noregs um samanburð. Rangar fjárfestingarákvarðanir norska olíusjóðsins hafa kostað hann um 9-13% af heildareignum sjóðsins og árið 2008 tapaði hann tæpum fjórðungi eigna sinn á skömmum tíma. Í ólgusjó fjármálaviðskipta er óhjákvæmilegt að teknar séu rangar fjárfestingarákvarðanir. Það þarf þó ávallt að draga lærdóm af slæmum ákvörðunum og hindra að gerð séu sömu mistök á ný. Lífeyrissjóður verslunarmanna starfar eftir áhættustefnu og hefur sjóðurinn sér til liðsinnis áhættustjóra. Allt er gert til að vanda ákvarðanir við fjárfestingar. Umræðan um umsvif lífeyrissjóðanna í hagkerfinu er eðlileg og nauðsynleg. Spurningin er ekki hvort heldur hvert hlutfall fjárfestinga sjóðanna eigi að vera hér á landi? Á tíma gjaldeyrishaftanna dróst hlutfall erlendra eigna Lífeyrissjóðs verslunarmanna saman, en fjárfestingarstefna sjóðsins hefur gert ráð fyrir hærra hlutfalli erlendra eigna. Þess vegna nýtti sjóðurinn allar heimildir Seðlabankans til erlendra fjárfestinga á haftatímanum og eftir að höftunum var aflétt höfum við markvisst aukið við erlendu eignirnar. Í því felst meiri áhættudreifing, eða með öðrum orðum meira öryggi fjárfestinga fyrir hönd sjóðfélagana.

### **Góðir fundarmenn.**

Á síðasta aðalfundi sjóðsins urðu töluverðar umræður um launamál sjóðsins og þá sérstaklega launakjör framkvæmdastjóra sjóðsins. Stjórn tók þær ábendingar til sín og á síðasta ári fól stjórn óháðum ráðgjöfum að meta launakjör framkvæmdastjóra okkar í samanburði við aðra. Intellecta var falið verkefnið en árlega gera þeir launakönnun sem nær til um 4000 sérfræðinga, meðal annars þeirra er starfa á fjármálamarkaði. Niðurstaða þeirrar könnunar var að laun framkvæmdastjóra sjóðsins voru í efri mörkum miðað við laun framkvæmdastjóra annarra lífeyrissjóða. Stjórn tók

ákvörðun í framhaldinu um að lækka laun framkvæmdastjóra sjóðsins um 9% og hefur sú lækkun þegar tekið gildi.

Það skal tekið fram að laun framkvæmdastjórans hafa verið í frystingu síðan á vormánuðum 2016. Ef tekið er mið af launaþróun síðan 2016 til dagsins í dag og þessarar 9% launalækkunar má segja að laun framkvæmdastjóra hafi lækkað um 20%.

Já , við horfum til framtíðar með bættum stjórnarháttum, betri stjórnun og aukinni upplýsingagjöf.

Það er gaman að segja frá því að þótt aðeins séu fáar vikur síðan við auglýstum eftir stjórnarmönnum sem við gætum stutt í skráðum félögum hafa viðbrögðin verið góð og nú hafa borist hátt á annað hundrað umsóknir. Þetta finnst mér afar jákvætt og það er gleðiefni að fólk vilji leggja þeirri mikilvægu starfsemi lið að ávaxta fé sjóðfélaga okkar.

Ég ætla því að leyfa mér að ítreka bjartsýnisyfirlýsingu mína frá í fyrra, ég ER bjartsýn á að samhentum hópi stjórnar, stjórnenda og allra starfsmanna Lífeyrissjóðs verzlunarmanna muni enn á ný takast að efla sjóðinn og skila sjóðfélögunum enn sterkari lífeyrisréttindum. Það er enda mikilvægasta hlutverk okkar allra hér í dag.

Takk fyrir!






LÍFEYRISJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Ársfundur

2017



# BREYTING Á HREINNI EIGN



# IÐGJÖLD Í M.KR.

	2017	2016
Sjóðfélagar	9.257	8.506
Launagreiðendur	19.984	16.667
Framlag v/jöfnunar örorkubyrði	557	477
<b>Samtals</b>	<b>29.798</b>	<b>25.650</b>
Aukning	16,2%	




# LÍFEYRISGREIÐSLUR Í M.KR.

	2017	2016
Ellilífeyrir	9.408	8.419
Örorkulífeyrir	2.542	2.321
Makalífeyrir	755	727
Barnalífeyrir	114	103
Séreignargreiðslur	568	498
<b>Samtals</b>	<b>13.387</b>	<b>12.068</b>
Aukning	10,9%	

---

# SKIPTING LÍFEYRISGREIÐSLNA 2017

---



# FJÖLDI LÍFEYRISÞEGA

	2017	2016
Ellilífeyrir	10.838	9.977
Örorkulífeyrir	3.506	3.201
Makalífeyrir	1.525	1.481
Barnalífeyrir	524	497
<b>Samtals</b>	<b>16.393</b>	<b>15.156</b>
Fjölgun	8,2%	

# FJÁRFESTINGARTEKJUR Í M.KR.

	2017	2016
Innlendir eignarhlutir í félögum og sjóðum	7.852	-99
Erlendir eignarhlutir í félögum og sjóðum	20.301	-12.988
Innlend skuldabréf	19.290	19.204
Bankainnstæður og aðrar fjárfestingartekjur	-155	191
Fjárfestingargjöld	-182	-144
<b>Samtals</b>	<b>47.106</b>	<b>6.164</b>



---

# RAUNÁVÖXTUN

---

	2017	2016
Innlend skuldabréf	4,5%	4,4%
Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini	4,2%	-2,1%
Erlend verðbréf	10,1%	-9,9%
<b>Samtals</b>	<b>5,7%</b>	<b>-1,2%</b>



---

# MEÐALTAL HREINNAR RAUNÁVÖXTUNAR

---

- » Meðalraunávöxtun síðustu 5 ára er 5,9%
- » Meðalraunávöxtun síðustu 10 ára er 1,7%
- » Meðalraunávöxtun síðustu 20 ára er 4,2%



# REKSTRARKOSTNAÐUR

	2017	2016
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	906	824
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna	0,14%	0,14%
Stöðugildi	40,8	41,0

---

# ÞJÓNUSTA VIÐ SJÓÐFÉLAGA


---

- » Fjöldi launagreiðenda **8.700**
- » Greiðandi sjóðfélagar **52.000**
- » Lífeyrisþegar að meðaltali **15.800**
- » Fjöldi lána til sjóðfélaga **8.000**

# EFNAHAGSREIKNINGUR Í M.KR.

	2017	2016
Eignarhlutir í erlendum félögum og sjóðum	215.932	158.920
Eignarhlutir í innlendum félögum og sjóðum	115.712	129.732
Skuldabréf	238.994	240.686
Veðskuldabréf	85.639	65.099
Bankainnstæður	5.500	5.321
Aðrar eignir	3.725	3.423
Skuldir	-729	-796
<b>Samtals</b>	<b>664.773</b>	<b>602.385</b>

# SKIPTING EIGNASAFNS 2017



---

# SJÓÐSTREYMISYFIRLIT Í M.KR.

---

	2017	2016
Inngreiðslur	29.815	25.830
Útgreiðslur	14.764	13.247
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga	15.051	12.583
Hækkun á handbæru fé	790	1.132

---

# VERÐBRÉFAKAUP UMFRAM SÖLU Í M.KR.

Veðskuldabréf sjóðfélaga	33.787
Ríkistryggð skuldabréf	2.423
Skuldabréf sveitarfélaga	240
Fagfjárfestasjóðir og fyrirtæki	276
Önnur skuldabréf	217
Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini	-447
Erlend verðbréf	20.248
<b>Samtals</b>	<b>56.744</b>



---

# SÉREIGNARDEILDIR


---

- » Iðgjöld **1.110** milljónir en 877 milljónir árið áður
- » Lífeyrir **568** milljónir en 498 milljónir 2016
- » Heildareignir **12,5** milljarðar en 11,1 milljarður í árslok 2016
- » Fjöldi með inneignir **45.500**
- » Verðbréfaíð: Nafnávöxtun **7,6%** og raunávöxtun **5,7%**
- » Innlánsleið: Nafnávöxtun **3,0%** og raunávöxtun **1,3%**

# TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

	2017	2016
Heildarstaða umfram skuldbindingar ma.kr.	65,7	38,6
% af heildarskuldbindingum	6,4%	4,2%
Áfallin staða ma.kr.	57,3	48,2
% af áföllnum skuldbindingum	9,9%	9,0%
Framtíðarstaða ma.kr.	8,4	-9,6
% af framtíðarskuldbindingum	1,9%	-2,4%

## ÞRÓUN TRYGGINGAFRÆÐILEGRAR STÖÐU 2013 - 2017



---

# FJÁRFESTINGARSTEFNA

---

- » LV er fagfjárfestir
- » Fjárfestingar taka mið af varúðarsjónarmiðum, áhættu og langtímaskuldbindingum sjóðsins
- » Lífeyrisbyrði er lág
- » LV getur beitt langtímamarkmiðum við ákvörðun um fjárfestingarstefnu

# FJÁRFESTINGARSTEFNA 2018

Eignaflokkur	Eigna- samsetning %	Stefna %	Lágmark %	Hámark %
Laust fé - Innlán	2	1	0	5
Ríkistryggð skuldabréf	25	23	20	30
Fasteignatryggð skuldabréf	13	14	5	20
Skuldabréf sveitarfélaga	4	3	0	10
Sértryggð skuldabréf ofl.	1	2	0	5
Fyrirtækjaskuldabréf og önnur skbr.	7	7	0	15
Erlendir skammt.sjóðir og skuldabréf	0	0	0	5
Skráð innlend hlutabréf	16	13	10	20
Skráð erlend hlutabréf	25	28	15	35
Óskráð innlend hlutabréf	4	4	0	10
Óskráð erlend hlutabréf	3	5	2	10
Þar af gengisbundnar eignir	29	33	17	45

# FJÁRHAGSÁÆTLUN 2018

## Fjárfestingar

## Ráðstöfun

Sjóðfélagar	35-50%
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	0-15%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	0-10%
Skuldabréf lánastofnana	0-10%
Skuldabréf fyrirtækja og önnur skuldabréf	0-10%
Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini	5-20%
Erlend verðbréf	35-45%



---

# LAUN STJÓRNAR

---

- » Laun stjórnarmanna eru 169.950 kr. á mánuði
- » Stjórnarformaður fær tvöföld stjórnarlaun
- » Varaformaður fær ein og hálföld stjórnarlaun



LÍFEYRISJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Ársfundur

2017





LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

## KYNNING Á SAMÞYKKTABREYTINGUM – HÁLFUR LÍFEYRIR O.FL.

Á ársfundi lífeyrissjóðsins 21. mars 2018

Tómas Njáll Möller, yfirlögfræðingur

---

## KYNNING Á SAMÞYKKTABREYTINGUM

---

1. Stjórn lífeyrissjóðsins hefur samþykkt breytingar á samþykktum LV
2. Breytingarnar eru háðar samþykkti aðildarsamtaka sjóðsins og staðfestingu ráðherra að fenginni umsögn FME
3. Fyrir liggur mat tryggingastærðfræðings á áhrifum breytinganna sem hann metur óverulegar
4. Ferlið
  - a) Breytingarnar hafa verið sendar aðildarsamtökum LV til staðfestingar
  - b) Þær eru hér til kynningar á ársfundi í samræmi við samþykktir
  - c) Því næst verða þær sendar fjármála- og efnahagsráðherra til staðfestingar
  - d) Gert er ráð fyrir því að breytingarnar taki gildi 1. september 2018
5. Texti samþykktabreytinganna er aðgengilegur á vef lífeyrissjóðsins

---

## MARKMIÐ OG TILGANGUR BREYTINGANNA

---

1. Markmiðið er að auka sveigjanleika við töku lífeyris
2. Samþykktabreytingarnar taka mið að breytingum á lögum um almannatryggingar sem tóku gildi um s.l. ármót:
  - sem fela í sér heimild til að taka hálfan ellilífeyri hjá Tryggingastofnun frá 65 ára aldri
  - enda nýti viðkomandi sér rétt til töku hálfis lífeyris hjá þeim lífeyrissjóðum sem hann á réttindi í
  - eins þarf viðkomandi lífeyrisþegi að eiga tiltekin lágmarksréttindi að samanlögðum lífeyri frá Tryggingastofnun og lífeyrissjóðum

---

## UM INNTAK EINSTAKRA BREYTINGA

---

1. Heimild til að fresta töku ellilífeyris hækkar úr 70 í 80 ár (12.4)
  - Almennur lífeyristökualdur er 67 ár
  - Heimilt er að hefja töku ellilífeyris frá og með 65 ára aldri
2. Heimild til að hefja tókum hálfis lífeyris í stað fulls lífeyris frá og með 65 ára aldurs (12.10)
  - Taka hálfis lífeyris er endanleg og felur í sér að réttur til örorkulífeyris fellur niður vegna þess hluta
  - Þeim hluta ellilífeyris sem frestað er tekur hækkunum frá 67 ára aldri skv. almennum reglum
3. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða er þeim sem hefur hafið töku ellilífeyris við gildistöku samþykktabreytinganna heimilt að lækka hlutfallið úr fullum lífeyri í hálfan lífeyri (12.11)
  - Áhrif frestunarinnar skulu metin af tryggingastærðfræðingi
  - Áhrifin skulu vera „tryggingafræðilega hlutlaus“

---

## RÉTTINDATÖFLUR

---

1. Breytingar á réttindatöflum leiða af því að eftir breytingarnar verður hægt að fresta töku lífeyris í þrettán ár í stað þriggja nú
2. Þá er hækkun vegna töku lífeyris eftir 67 ára aldur nokkuð minni en áður
  - Breytingarnar leiða af mati tryggingastærðfræðings og byggja á breyttu mati á lífslíkum

---

## BREYTING Á GR. 12.4 – FRESTUN TIL 80 ÁRA Í STAÐ 70 ÁRA

---

### Breytingar

„Sjóðfélagi sem orðinn er 67 ára getur frestað töku lífeyris til allt að 80 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris skv. töflu III í viðauka fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað.“

### Skýringar

Samkvæmt grein 12.4 og töflu III í viðauka A við samþykktir lífeyrissjóðsins getur sjóðfélagi nú frestað töku ellilífeyris gegn hækkun mánaðarlegra greiðslna til 70 ára aldurs. Með þeirri breytingu sem lögð er til á greininni og töflu III er mælt fyrir um að hægt verði að fresta töku ellilífeyris gegn hækkun mánaðarlegra greiðslna til 80 ára aldurs.



---

## NÝ GEIN 12.10 – HEIMILD TIL TÖKU HÁLFS LÍFEYRIS

---

### Ný grein

„Sjóðfélagi sem ekki hefur hafið töku ellilífeyris hjá sjóðnum getur ákveðið að hefja töku ellilífeyris í 50% hlutfalli hvenær sem er eftir að 65 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta ellilífeyrisréttinda sinna, sbr. grein 12.9. Ákvæði 12.3 skal gilda um þann hluta sem ráðstafað er fyrir 67 ára aldur. Ákvæði 12.4 skal gilda um hinn frestaða hluta eftir að 67 ára aldri er náð.“

### Skýringar

Með nýrri grein 12.10 er mælt fyrir um heimild til greiðslu hálfes ellilífeyris frá 65 ára aldri. Ef taka ellilífeyris hefst á aldursbilinu 65 til 67 ára skulu mánaðarlegar greiðslur lækka til samræmis við töflu í viðauka II A við samþykktir LV. Er það sama fyrirkomulag og ef töku fulls ellilífeyris er flýtt. Mánaðarlegar greiðslur á grundvelli þessa ellilífeyrisréttar sem er frestað fram yfir 67 aldur taka svo að sama skapi hækkunum samkvæmt töflu í viðauka III A við samþykktir LV.



---

## GR 12.11 – ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA -

---

### Breytingar

„Sjóðfélagi sem hefur hafið töku ellilífeyris við gildistöku þessa ákvæðis getur með sérstakri umsókn þar að lútandi, fram til 1. janúar 2020, lækkað hlutfall ellilífeyris í 50%. Skal þá tryggingastærðfræðingur sjóðsins meta sérstaklega áhrif frestunar og/eða flýtingar á fjárhæð lífeyris enda gilda ekki ákvæði 12.3 og 12.4 í slíkum tilvikum. Við mat tryggingastærðfræðings skal byggja á því að tryggingafræðilegar skuldbindingar lífeyrissjóðsins breytist ekki og þannig skal byggja á sömu sjónarmiðum og liggja að baki ákvæða 12.3 og 12.4. Sjóðfélagi sem nýtir sér ákvæði þetta telst eftir sem áður hafa ráðstafað réttindum samkvæmt grein 12.9.“

### Skýringar

Í bráðabrigðaákvæði með reglugerð nr. 1195/2017, um sveigjanlega töku ellilífeyris og heimilisuppbótar, er mælt fyrir um það að þeir sem þegar hafa hafið töku lífeyris fyrir gildistöku reglugerðarinnar geti nýtt sér töku á hálfum lífeyri séu skilyrði fyrir hendi og að umsókn berist fyrir 1. janúar 2020.

Því er lagt til að bætt verði við samþykktirnar grein 12.11 sem geri sjóðfélögum LV, sem hafa þegar hafið töku ellilífeyris hjá LV við gildistöku samþykktabreytinga þessara, fært að færa töku ellilífeyris úr 100% í 50% hlutfall, fram til 1. janúar 2020. Gert er ráð fyrir því að í eðli sínu gildi sömu viðmið um lækkun og hækkun mánaðarlegra ellilífeyrisgreiðslna og ef vikið er frá almennum ellilífeyrisaldri. Það er hins vegar talið skilvirkara, þar sem um bráðabrigðaákvæði er að ræða, að fela tryggingastærðfræðingi mat á þeim áhrifum í stað þess að bæta við sérstakri töflu í viðauka við samþykktir sjóðsins.





LÍFEYRISJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Ársfundur

2017

